

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 4. september 2024.

Mál nr. 595/2024:

Dánarbú A

(Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður)

gegn

B,

C,

D og

E

(Sveinbjörn Claessen lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Dánarbú. Opinber skipti. Fyrirframgreiddur arfur. Endurgreiðslukrafa.

Útdráttur

Við opinber skipti á dánarbúi A krafðist búið þess að B o.fl. yrði gert að endurgreiða búiinu fé sem þau höfðu þegið sem fyrirframgreiddan arf umfram erfðahluta þeirra. Deildu aðilar um það hvort B o.fl. bæri að standa dánarbúi A skil á mismuninum eða hvort 32. gr. erfðalaga nr. 8/1962 stæði slíkri kröfu í vegi. Í úrskurði Landsréttar kom fram að samkvæmt orðalagi ákvæðisins yrði erfingi sem hlyti fyrirfram meira fé frá arfleifanda en næmi erfðahluta hans ekki skyldaður til að standa búiinu skil á mismuninum, nema hann hefði sérstaklega skuldbundið sig til þess. Ákvæðið hefði í dómaframkvæmd verið skýrt samkvæmt orðanna hljóðan en í málinu væri ekkert fram komið um að B o.fl. hefðu skuldbundið sig til þess að standa dánarbúi A skil á því sem þau kynnu að fá umfram arfshluta sinn. Þá var ekki talið að dánarbú A hefði fært sönnur á aðrar ástæður sem leiða ættu til þess að B o.fl. væri skylt að inna slíka endurgreiðslu af hendi. Var kröfu dánarbús A því hafnað.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómaramirnir Arnfríður Einarssdóttir, Ásmundur Helgason og Kjartan Bjarni Björgvinsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 22. júlí 2024. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 12. ágúst 2024. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 10. júlí 2024 í málinu nr. Q-[...]/2024 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að varnaraðilum yrði gert að greiða honum fé sem svaraði til þess sem þau fengu sem fyrirframgreiddan arf umfram arfshluta sinn úr búi foreldra sinna. Kæruheimild er í 1. mgr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

- 2 Sónknaðili krefst þess að varnaraðilanum B verði gert að greiða sóknaraðila 58.867.624 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. apríl 2022 til greiðsludags. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðilunum C og D verði hvorri fyrir sig gert að greiða sóknaraðila 59.311.821 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. apríl 2022 til greiðsludags. Einnig krefst sóknaraðili þess að varnaraðila E verði gert að greiða sóknaraðila 60.924.030 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. apríl 2022 til greiðsludags. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.
- 3 Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar hvert fyrir sig.

Niðurstaða

- 4 Mál þetta var upphaflega höfðað með stefnu af hálfu F og G, börnum H, bróður varnaraðila sem lést árið 2019. Með bréfi 17. maí 2024 veitti skiptastjóri sóknaraðila lögmonnum systkinanna umboð til að krefjast þess að varnaraðilum yrði gert að greiða sóknaraðila tilgreinda fjárhæð til að unnt væri að rétta arfshluta systkinanna. Tók sóknaraðili í kjölfarið við aðild málsins fyrir héraðsdómi 23. maí 2024.
- 5 Málið var tekið til úrskurðar í héraði eftir munnlegan flutning þess 23. maí 2024. Við uppkvaðningu hins kærða úrskurðar 10. júlí sama ár var fært til bókar að aðilar væru sammála dómara um að ekki væri þörf á að málið yrði flutt á ný, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 og 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991.
- 6 Málsatvikum og málsástæðum aðila er skilmerkilega lýst í hinum kærða úrskurði. Eins og þar er rakið liggur fyrir að varnaraðilar hafa allir fengið sem fyrirframgreiddan arf meiri fjárverðmæti en H bróðir þeirra. Þá er ekki deilt um þá niðurstöðu hins kærða úrskurðar hvernig skuli framreikna arfshluti sem varnaraðilum voru greiddir á grundvelli 31. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Ágreiningur aðila lýtur aftur á móti að því hvort ákvæði 32. gr. erfðalaga standi því í vegi sóknaraðili geti krafist endurgreiðslu á fyrirframgreiddum arfi sem varnaraðilar fengu umfram bróður sinn að þessu leyti.
- 7 Samkvæmt orðalagi 32. gr. erfðalaga verður erfingi sem hlýtur fyrirfram meira fé frá arfleifanda en nemur erfðahluta hans eftir hann ekki skyldaður til að standa búinu skil á mismuninum, nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess. Ákvæðið hefur í dómaframkvæmd verið skýrt samkvæmt orðanna hljóðan, sbr. dóm Hæstaréttar 8. mars 2017 í máli 46/2017, en í málinu er ekkert komið fram um að varnaraðilar hafi skuldbundið sig til þess að standa sóknaraðila skil á því sem þau kynnu að fá umfram arfshluta sinn. Þá verður ekki talið að sóknaraðili hafi fært sönnur á aðrar ástæður sem leiða eigi til þess að varnaraðilum sé skylt að inna slíka endurgreiðslu af hendi. Er þá til þess að líta að ósannað er að arfleifendur hafi, þrátt fyrir ójafna ráðstöfun fjármuna úr búi þeirra til skylduerfingja með fyrirframgreiðslu arfs árið 2016 og síðar, viljað að arfur til þeirra yrði jafn. Að þessu gættu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

- 8 Sónnaraðila verður gert að greiða varnaraðilum hverjum fyrir sig kærurnálskostnað eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sónnaraðili, dánarbú A, greiði varnaraðilum, B, C, D og E, hverju fyrir sig 150.000 krónur í kærurnálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 10. júlí 2024

Með bréfi lögmans sónnaraðila, dagsettu 12. mars 2024 og móttæknu sama dag, var óskað úrlausnar dómsins á grundvelli 1. mgr. 124. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Málið var þingfest 8. apríl 2024 og tekið til úrskurðar 23. maí sl.

Sónnaraðili er dánarbú A, kt. [...], [...], Reykjavík, og varnaraðilar B, kt. [...], [...], Reykjavík, C, kt. [...], [...], Hafnarfirði, D, kt. [...], [...], Hafnarfirði og E, kt. [...], [...], Reykjavík.

Sónnaraðili krefst þess að varnaraðilanum B verði gert að greiða sónnaraðila 58.867.624 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. apríl 2022 til greiðsludags. Þá krefst sónnaraðili þess að varnaraðilunum C og D verði hvorri um sig gert að greiða sónnaraðila 59.311.821 krónur og að varnaraðilanum E verði gert að greiða sónnaraðila 60.924.030 krónur, allt með sömu dráttarvöxtum og fyrr greinir. Loks krefst sónnaraðili málskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast öll sýknu af kröfum sónnaraðila auk málskostnaðar úr hans hendi.

I.

Málsatvik

Mál þetta varðar skipti á dánarbúi A sem lést [...] 2020 eftir að hafa setið í óskiptu búi eftir andlát eiginmanns hennar, I, [...] 2017. A og I áttu sameiginlega sex börn og eru varnaraðilar máls þessa fjögur þeirra. Fimmta barn hjónanna, H, lést [...] 2019, og settu börn hans, F og G, sem svara til arfs eftir föður sinn, upphaflega fram þær kröfur sem mál þetta varðar. Þá áttu hjónin soninn J, en hann lést án þess að láta eftir sig erfingja.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness 12. apríl 2021 var dánarbú A tekið til opinberra skipta og K lögmaður skipaður skiptastjóri í búinu. Undir skiptum búsinu komu upp deilur á milli annars vegar varnaraðila og hins vegar fyrrgreindra barna H, G og F, í tengslum við meint ójafnræði við útgreiðslu fyrirframgreidds arfs úr búinu, en börn H töldu föður sínum hafa verið mismunað þegar varnaraðilar fengu allir fyrirframgreiddan arf á árunum 2016, 2017 og 2019 að fjárhæð samtals um 250.000.000 hver. Skiptastjóri mun hafa reynt að jafna ágreininginn, sbr. 112. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., en þar sem tilraunir í þá veru báru ekki árangur var ágreiningnum vísað til héraðsdóms með bréfi skiptastjóra 8. júní 2022. Málinu var hins vegar vísað frá héraðsdómi á þeim forsendum að málsaðilar hefðu í kröfum sínum farið út fyrir ágreiningsefnið eins og það hafði verið lagt fyrir dóminn auk þess sem héraðsdómur taldi ekki fyrir hendi málshöfðunarheimild á grundvelli 3. mgr. 68. gr. laga nr. 20/1991 líkt og byggt var á í málinu. Með bréfi skiptastjóra 8. júní 2023 var málinu aftur vísað til héraðsdóms á grundvelli 122. gr. laga nr. 20/1991 og til þess vísað að skiptastjóra hafi ekki tekist að jafna ágreining varðandi fyrirframgreiddan arf varnaraðila. Sagði í bréfinu að börn H héldu uppi kröfu í málinu til hagsbóta fyrir búið og fæli skiptastjóri þeim málshöfðunarheimild. Með úrskurði héraðsdóms 7. nóvember 2023 var

fallist á kröfu F og G um að varnaraðilar greiddu sóknaraðila nánar tilgreindar fjárhæðir til þess að rétta hlut H við útgreiðslu fyrirframgreidds arfs. Varnaraðilar kærðu þann úrskurð til Landsréttar en með úrskurði réttarins 20. desember 2023 var málinu vísað frá héraðsdómi á þeim forsendum að þar sem málið varðaði greiðsluskyldu erfingja á grundvelli 124. eða 125. gr. fyrrgreindra laga hefði ekki verið rétt að vísa málinu til héraðsdóms á grundvelli 122. gr. laganna.

Á skiptafundi 8. febrúar 2024 var fyrrgreindum F og G veitt heimild skiptastjóra til að höfða mál í eigin nafni til hagsbóta dánarbúsins en á eigin ábyrgð og kostnað, sbr. 3. mgr. 68. gr. laga nr. 20/1991. Kröfðust systkinin í kjölfarið úrlausnar dómsins á grundvelli 124. gr. laganna vegna fjármuna sem þau töldu dánarbúið eiga tilkall til úr hendi varnaraðila. Með umboði skiptastjóra 17. maí 2024 var lögmanni sóknaraðila, sem þá gætti hagsmuna systkinanna, hins vegar veitt umboð til þess að höfða mál fyrir hönd og í nafni dánarbúsins á grundvelli 124. gr. fyrrnefndra laga og krefjast þess að varnaraðilum yrði gert að greiða dánarbúinu nánar tilgreindar fjárhæðir til þess að rétta af arfshluta Fog G. Við fyrirtöku málsins í kjölfarið 23. maí sl. tók dánarbú A við aðildinni sóknarmegin með vísan til framlagðs umboðs. Sú ráðstöfun að breyta aðild málsins sóknarmegin sætti ekki andmælum af hálfu varnaraðila. Lýsti lögmaður varnaraðila því og yfir við það tilefni að fallið væri frá ábendingum í greinargerð varnaraðila til dómsins um að annmarki væri á formhlið að því er aðild varðaði.

Sem fyrr segir lýtur mál þetta að kröfu dánarbús A í tengslum við fyrirframgreiddan arf sem varnaraðilar fengu á árunum 2016-2019 áður en A, sem þá sat í óskiptu búi eftir andlát I, lést. Ráðið verður af gögnum málsins að A og I hafi gert með sér tvær sameiginlegar erfðaskrár. Í þeirri fyrri, sem dagsett er 16. júlí 1987, sagði að hvert hjónanna sem lengur lifði skyldi hafa heimild til setu í óskiptu búi. Í hinni síðari, sem dagsett er 16. nóvember 2010, sagði einnig að það væri vilji hjónanna að það þeirra sem lengur lifði sæti í óskiptu búi til andláts síns. Þá skyldu búskipti, eftir lát hins langlífara sem sæti í óskiptu búi, fara fram eftir almennum fyrirmælum laga þannig að miðað væri við erfðaréttindi erfingja hvors um sig eins og þau væru við lát þess sem síðar létist. Loks sagði að hið langlífara mætti ekki ráðstafa með erfðaskrá eða dánargerningi eignum þeim sem það fengi með erfðaskrá þessari þannig að færi í bága við réttindi framangreindra niðja þeirra.

Fyrir liggur að A og I veittu varnaraðilunum B og C fullt og ótakmarkað umboð 23. september 2015 til þess að sjá um fjármál hjónanna. Þá er ekki deilt um að dánarbúið hafi verið nánast eignalaust við uppkvaðningu úrskurðar um opinber skipti í apríl 2021 og að arfur úr búinu hafi verið greiddur fyrirfram samkvæmt eftirfarandi töflu:

Dags.	Dskj. 23, fskj.:	B	C	D	E	H	Samtals
18.10.2010	15-19	2.600.000	10.000.000	10.000.000	11.100.000	12.300.000	46.000.000
17.8.2011	14	7.400.000	0	0	0	0	7.400.000
6.1.2015	9-13	50.000.000	50.000.000	50.000.000	50.000.000	50.000.000	250.000.000
26.1.2015	8	50.000.000	50.000.000	50.000.000	50.000.000	50.000.000	250.000.000
2.11.2016	7	100.000.000	100.000.000	100.000.000	100.000.000	0	400.000.000
1.11.2017	6	100.000.000	100.000.000	100.000.000	100.000.000	0	400.000.000

30.7.2019	5	54.200.001	54.200.000	54.200.000	54.200.000	0	216.800.001
Samtals	-	364.200.001	364.200.000	364.200.000	365.300.000	112.300.000	1.570.200.001

Verður þannig ráðið að börn hjónanna hafi öll fengið fyrirframgreiddan arf á árunum 2010-2011 og aftur á árinu 2015. Af gögnum málsins er þó ljóst að sá háttur hafi verið hafður á í tilviki H að I heitinn hélt utan um hans hluta og keypti síðan íbúð fyrir hluta andvirðisins. Þá voru tæpar 50.000.000 króna settar til hliðar og geymdar, fyrst á bankareikningi I og síðan á bankareikningnum systkina H þar til þau millifærðu fjármunina inn á reikning hans árið 2019. Fjögur systkinanna, öll önnur en H, fengu síðan fyrirframgreitt á árunum 2016, 2017 og 2019, þ.e. fyrst 100.000.000 króna hvert 2. nóvember 2016, því næst 100.000.000 króna 1. nóvember 2017 og loks 54.200.000 krónur 30. júlí 2017. Um þær greiðslur er deilt í máli þessu, en sóknaraðili byggir á því að varnaraðilar hafi fengið fyrirfram arf að fjárhæð samtals 1.016.800.000 krónur án þess að H hafi fengið nokkuð í sinn hlut. Byggir sóknaraðili á að greiðslurnar hafi verið framkvæmdar af varnaraðilanum B í krafti umboðs til þess að sjá um fjármál foreldra sinna.

Engar skýrslutökur fóru fram við aðalmeðferð málsins. Að loknum málflytningi lögmannna málsaðila var málið tekið til úrskurðar 23. maí sl.

II.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst beina kröfum sínum að varnaraðilum þar sem engu sé til að skipta í dánarbúinu og því beri varnaraðilum, sem hafi fengið ofgreitt úr búinu, að endurgreiða það sem þau fengu umfram sinn arfshluta. Byggir sóknaraðili á því að H hafi verið skylduerfingi A og I og átt að taka jafnan arf eftir þau eins og systkini sín samkvæmt 1. mgr. 2. gr. erfðalaga nr. 8/1962 og erfðaskrá hjónanna. Fyrir liggir hins vegar að samtals 1.570.200.000 krónum hafi verið úthlutað með fyrirframgreiðslu arfs. Hlutdeild H í því hafi átt að vera 314.040.000 krónur eða fimmtungur þeirrar fjárhæðar. Þar sem H hafi hins vegar aðeins fengið 112.300.000 krónur sé ljóst að á hann halli um fjárhæð sem nemi 201.740.000 krónum.

Sóknaraðili byggir á að eina undantekningin frá meginreglu erfðaréttar um jafna skiptingu arfs milli barna sé heimild til að ráðstafa 1/3 hluta eigna með erfðaskrá, sbr. 35. gr. erfðalaga. Óumdeilt sé að A og I hafi ekki beitt þessu úrræði. Þá liggir vilji þeirra ljós fyrir enda megi af erfðaskrá þeirra frá 16. nóvember 2010 ráða að þau hafi ekki viljað mismuna erfingjum sínum. Vilja þeirra megi einnig ráða af háttsemi hjónanna eftir gerð erfðaskrárinnar, en frá því að hún hafi verið gerð árið 2010 og til loka árs 2016 hafi þau í öllum tilvikum gætt að því að mismuna ekki erfingjum við fyrirframgreiðslu arfs. Mismunun hafi ekki hafist fyrr en með arfsútgreiðslu sem hafi átt sér stað eftir að varnaraðilarnir B og C fengu umboð til þess að sjá um öll fjármál hjónanna 23. september 2015. Að mati sóknaraðila styðji þetta að arfurinn hafi átt að vera jafn.

Sóknaraðili byggir einnig á því að í aðdraganda fyrstu mismununarinnar 2. nóvember 2016 hafi vitræn geta I farið mjög hrakandi. Þá sé ljóst að A og I hafi ekki verið heil heilsu andlega þegar sú greiðsla hafi átt sér stað. Í gögnum málsins liggir þannig fyrir að tveimur vikum síðar, eða í nóvember 2016, hafi verið lagt fyrir I mat á vitrænni getu (MMSE) og út úr því komið 19 stig af 30 mögulegum sem gefi til kynna merki um glöp. Á prófinu hafi I talið að um væri að ræða haust þegar kominn var vetur og ekki getað nefnt mánaðardag eða vikudag. Þetta hafi varnaraðilar verið meðvitaðir um, enda hafi I á þessum tíma verið með heimahjúkrun daglega og gefið dætrum sínum umboð til þess að annast fjármál sín. Í sjúkraskýrslu I 10. nóvember 2016, eða um viku eftir útborgunina, hafi sagt: „[I] kemur með sjúkrahól í fylgd dóttur vegna vaxandi slappleika. Að sögn dóttur hefur heilsunni hrakað nokkuð hratt síðustu mánuði, en núna síðustu daga mikil versnun. Hefur verið somnulent og „Dottið ítrekað út“. Hefur nærst illa og komist illa um heima“. Í sjúkraskýrslunni daginn eftir segi síðan: „Vaxandi slappleiki sl árið samkvæmt [varnaraðilanum B]. Henni finnst hann hafa versnað mjög sl viku, finnst eins og hann detti út.“

Varnaraðilum hafi því ekki getað dulist hvernig heilsu I var komið á þessum tímapunkti auk þess sem varnaraðilinn B sé einmitt sú sem var umboðshafi samkvæmt allsherjarumboðinu. Um þremur mánuðum síðar, eða 31. janúar 2017, hafi I fallið frá.

Að framangreindu virtu standi engin rök til þess að mismunun skylduerfingja hafi verið í samræmi við ætlaðan vilja I og A. Arfleiðsluvilji hjónanna liggi skýr fyrir í erfðaskrá og breyti millifærsla varnaraðila B til sjálfs síns og systkina sinna í krafti fyrrgreinds umboðs engu þar um. Því síður geti sambærilegar ráðstafanir árið 2017 og 2019 borið merki um vilja A eða I, sem hafi þá verið látinn. Sóknaraðili bendi auk þess á að í erfðafjárskýrslunni sem undirrituð hafi verið vegna greiðslunnar 2. nóvember 2016 sé merkt við „x“ við undirritunarstaði hjónanna. Bendi það til þess að þau hafi í það minnsta þurft aðstoð við undirritun auk þess sem skjalið beri að öðru leyti með sér að B hafi fyllt inn stað og dagsetningu skýrslunnar. Þá megi velta fyrir sér hvers vegna eyða sé á milli lista erfingja í skýrslunni, en bilið sé einmitt á milli nafna þeirra systkina sem næst voru H í röðinni.

Engar trúverðugar skýringar séu fyrir hendi á ætluðum viðsnúningi í vilja arfleiddenda til að mismuna niðjum sínum. Sérstök þörf hefði verið á slíku vegna fyrirbyggjandi erfðaskrár. Eina breytingin sem hafi átt sér stað frá gerð hennar hafi verið fyrrgreint allsherjarumboð.

Sóknaraðili byggir auk þess á því að A hafi, sem maki í óskiptu búi, einungis mátt ráðstafa sínum hluta úr búinu með erfðaskrá og ekki verið heimilt að ráðstafa munum úr búinu að því marki sem fór í bága við fyrirmæli I, sbr. 20. gr. erfðalaga. Það liggi í augum uppi að ráðstöfun nánast allra eigna hins óskipta bús hafi verið langt umfram heimildir erfðalaga, þ. á m. 35. gr. laganna, og verið í andstöðu við vilja A og I. Hafi A verið þetta óheimilt. Auk þess hafi umræddar ráðstafanir farið í bága við meginreglu 1. mgr. 2. gr. laganna.

Sóknaraðili byggir á því að 32. gr. erfðalaga girði ekki fyrir að varnaraðilum verði gert að endurgreiða búinu það sem þau hafi fengið umfram sinn arfshluta. Vísar sóknaraðili til þess í fyrsta lagi að umrædd regla sé frávikjanleg eins og ráða megi af dómum Hæstaréttar 20. apríl 2012 í máli nr. 133/2012 og 8. mars 2017 í máli nr. 46/2017. Í öðru lagi liggi fyrir að varnaraðilar hafi verið grandsamir um mismununina gagnvart H. Þeim hafi verið kunnugt um hrakandi heilsu I og að móðir þeirra sæti í óskiptu búi. Þá hafi tveir varnaraðilanna, B og C, haft umboð til þess að sjá um öll fjármál hjónanna frá 23. september 2015. Óumdeilt sé að B hafi annast millifærslur vegna úthlutananna sem um ræði, gert erfðafjárskýrslur vegna þeirra og greitt áfallinn erfðafjárskatt. Varnaraðilum hafi því ekki getað dulist að búíð hafi orðið eignalaust með umræddum úthlutunum. Þá hafi varnaraðilar öll undirritað erfðafjárskýrslur vegna greiðslanna sem um sé deilt og veitt fjármununum viðtöku. Þetta hafi þau gert vitandi að engum fjármunum var úthlutað til H frá 2. nóvember 2016 og þrátt fyrir að í erfðafjárskýrslunum hafi þau lýst því yfir að þar væru tilgreindir allir erfingjar búsins sem þeim væri kunnugt um. Þessu til viðbótar sé ljóst að varnaraðilarnir E, C og D hafi hvert um sig varðveitt þriðjung af eftirstöðvum 90 milljóna króna sem H fékk fyrirframgreitt árið 2015. Engum vafa sé því undirorpið að þau hafi verið meðvituð um mismunun gagnvart H.

Sóknaraðilar byggja einnig á því að 32. gr. erfðalaga sé traustfangsregla til að koma í veg fyrir flókin fram tíðarágreiðing, svo sem í tilviki eignar sem flókið sé að verðmeta eða eignar sem hafi mikið tilfinningalegt gildi, að því gefnu að munurinn sé a.m.k. innan eðlilegra skekkjumarka eða að hámarki þeirra marka sem 35. gr. laganna heimili. Því sé ekki til að dreifa hér, enda sé um að ræða hreinar peningagreiðslur sem mjög einfalt sé að núvirða, sbr. 31. gr. erfðalaga. Það sé jafnframt lykilatriði traustfangsreglna að sá sem taki við tilteknum verðmætum þurfi að vera í góðri trú um að sá sem afhendi verðmæti hafi lögmeða heimild til ráðstöfunarinnar. Ekki sé unnt að öðlast rétt fyrir traustfang sé viðkomandi grandsamur um betri rétt þriðja aðila.

Ljóst sé einnig að tilgangur með fyrirframgreiðslu arfs sé að hjálpa erfingjum að koma undir sig fótum en ekki að gera erfingja arflausa. Fyrirframgreiddur arfur sé afbrigði frá almennum reglum erfðalaga

sem unnt sé að grípa til þegar erfingi geti ekki beðið eftir að arfur sem hann eigi tilkall til falli en ekki til þess að skapa leið fyrir arfláta og/eða erfingja til að sniðganga meginreglur erfðaréttar.

Að öllu framangreindu virtu geti 32. gr. erfðalaga ekki staðið því í vegi að leiðrétting fari fram þegar nánast öllum eignum arfleidda hafi verið ráðstafað til fjögurra af fimm skylduerfingjum.

Um fjárhæð dómkrafna sinna vísar sóknaraðili til þess að fjárhæðirnar sem um ræði séu framreiknaðar samkvæmt 31. gr. erfðalaga miðað við vísitölu neysliverðs (með húsnæði) í apríl 2022, þ.e. til þeirrar dagsetningar sem dráttarvextir byrji að telja, sem sé mánuður frá því að varnaraðilar hafi sannanlega verið krafðir um greiðslu 7. mars 2022 með fyrri greinargerð barna H í máli nr. Q-[...]/2022, sbr. nánar útreikninga sem sóknaraðili leggi fram. Verði ekki fallist á þær fjárhæðir krefjist sóknaraðili til vara sömu fjárhæðar en að teknu tilliti til þess að A hafi verið heimilt að mismuna börnunum um sem nemi þriðjungu af hluta hennar í hinu óskipta búi. Til þrautavara krefjist sóknaraðili sömu fjárhæðar en að teknu tilliti til þess að A hafi verið heimilt að mismuna um sinn hlut en ekki I frá og með 2. nóvember 2016, en að því frágengnu sömu fjárhæðar miðað við að A og I hafi verið heimilt að mismuna stefnendum sem nemi þriðjung af hinum fyrirfram greidda arfi. Að því frágengnu sé gerð krafa um sömu fjárhæð miðað við að A hafi verið heimilt að mismuna um sinn hluta en ekki I.

Sóknaraðili vísar til ákvæða erfðalaga nr. 8/1962, sbr. einkum 1. mgr. 2. gr., 20. gr., 29. gr., 32. gr., 35. gr. og 2. mgr. 36. gr., en einnig ákvæða laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., sbr. einkum 2. mgr. 84. gr. og 130. gr. laganna. Krafa um dráttarvexti styðjist við ákvæði III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 3. mgr. og 1. mgr. 6. gr. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 131. gr. skiptalaga nr. 20/1991.

Málsástæður og lagarök varnaraðila:

Varnaraðilar byggja sýknuröfu sína á því að skilyrði endurgreiðslu varnaraðila séu ekki til staðar í málinu. Erfðalög geymi aðeins tvö ákvæði sem mæli fyrir um heimild erfingja til að endurheimta fjármuni sem greiddir hafi verið úr dánarbúi, þ.e. 2. mgr. 15. gr. og 32. gr. laganna. Fyrri lagagreinin taki til þeirra aðstæðna þegar langlífari maki hafi gefið gjöf úr óskiptu búi sem teljist óhæfilega há miðað við efni búðsins. Undir þeim kringumstæðum geti erfingi fengið gjöfinni hrundið með dómi að uppfylltum ákveðnum efnisskilyrðum. Slíkt riftunarmál skuli höfðað áður en ár sé liðið frá því að erfingi eða lögráðamaður hans fengu vitneskju um gjöfina og þó ekki síðar en innan þriggja ára frá afhendingu hennar. Af lagagreininni leiði að gjafagermingi verði ekki rift nema langlífari maka hafi verið óheimil ráðstöfunin.

Síðari lagagreinin, þ.e. 32. gr., fjalli um þær aðstæður þegar erfingi fái fyrirfram meira fé frá arfleifanda en nemi erfðahluta hans. Þegar svo sé verði hann ekki skyldaður til að standa búinu skil á mismuninum, nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess. Ólíkt 2. mgr. 15. gr. erfðalaga snúi 32. gr. erfðalaga ekki að því hvort arfleifanda hafi verið heimilt eða óheimilt að greiða fjármuni í formi fyrirframgreidds arfs. Skilyrði fyrir endurgreiðslu einskorðist við það eina atriði hvort erfingi hafi sérstaklega skuldbundið sig til að standa búinu skil á mismuninum.

Á framangreint sé bent vegna þess að sóknaraðilar byggja málsókn sína og málatilbúnað á hvorugu lagaákvæðanna. Sóknaraðilar byggja ekki á 2. mgr. 15. gr. erfðalaga auk þess sem fyrir liggja að málshöfðunarfræstir ákvæðisins séu liðnir. Slíkt sé engum vafa háð, enda sé m.a. skýrt tekið fram í greinargerð sóknaraðila að umræddar úthlutanir hafi ekki verið gjafir heldur fyrirframgreiddur arfur, sem erfðafjárskattur hafi verið greiddur af. Þar sem sóknaraðili reisi málatilbúnað sinn ekki á 2. mgr. 15. gr. erfðalaga komi ekki til úrlausnar hvort A heitinni hafi verið heimil þær ráðstafanir sem hún framkvæmdi í nóvember 2017 og júlí 2019. Slíkar vangaveltur séu einfaldlega ekki til umfjöllunar í málinu.

Sóknaraðili byggja málsókn sína ekki heldur á 32. gr. erfðalaga og fullyrði raunar þvert á móti í greinargerð sinni að ákvæðið eigi ekki við um sakarefnið, eða að það „girði ekki fyrir að varnaraðilum

verði gert að endurgreiða dánarbúinu“. Sem grundvöll málatilbúnaðar síns láti sóknaraðili nægja að vísa til 1. mgr. 2. gr. erfðalaga og ætlaðan arfleifðsluvilja A og I. Hvorugt geti verið grundvöllur endurgreiðsluskyldu varnaraðila á ætluðum ofgreiddum arfi. Krafa sóknaraðila geti ekki náð fram að ganga, enda skorti lagaheimild fyrir kröfunni og málatilbúnaði hans. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna varnaraðila af öllum kröfum sóknaraðila.

Fyrrgreind ákvæði séu einu ákvæði erfðalaga sem feli í sér heimild til að krefja viðtakendur fjármuna um að endurgreiða dánarbúi fé. Skylda til endurgreiðslu fjármuna inn í dánarbú geti ekki byggt á öðrum sjónarmiðum á borð við meginreglu erfðalaga um jafna skiptingu arfs eða erfðaskrá.

Að því gefnu að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að lagastoð sé fyrir endurgreiðslukröfu sóknaraðila geti ágreiningur málsins ekki snúist um neitt annað en 32. gr. erfðalaga og hvort skilyrðum um endurgreiðslu sé mætt. Samkvæmt ákvæðinu verði erfingi ekki skyldaður til þess að standa búi skil á mismuninum hafi hann fengið fyrirfram meira fé frá arfleifanda en sem nemi erfðahluta hans, nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess. Varnaraðilar þessa máls hafi ekki tekið á sig slíka skuldbindingu. Með ákvæðinu sé beinlínis gert ráð fyrir að erfingi, einn eða fleiri, kunni að fá meira í sinn hlut en samerfingi vegna ráðstöfunar arfláta í formi fyrirframgreiðslu arfs. Ákvæðið feli þannig í sér frávik frá þeirri meginreglu að arfi skuli skipta jafnt milli barna látins einstaklings. Erfðalög geymi leikreglur um hvernig leysa skuli úr þeim aðstæðum þegar arfi hafi verið ráðstafað fyrirfram með þeim afleiðingum að ekki takist að jafna hlut annarra erfingja með eignum sem til staðar séu við andlát.

Varnaraðili hafni þeirri málsástæðu sóknaraðila að 32. gr. erfðalaga sé frávikjanleg regla. Eina skilyrðið sem 32. gr. erfðalaga kveði á um, að því er varði skyldu erfingja til að standa skil á ofgreiddum arfi fyrirfram, sé að hann hafi „sérstaklega skuldbundið sig til þess“. Í því felist að til þess að erfingi verði skyldaður til að endurgreiða dánarbúi ofgreidda fjármuni í formi fyrirframgreidds arfs þurfi hann við móttöku arfsins að hafa skuldbundið sig sérstaklega til að standa skil á mismuninum. Sóknaraðili vísi til tveggja dóma Hæstaréttar, þ.e. dóm 8. mars 2017 í máli nr. 46/2017 og 20. apríl 2012 í máli nr. 133/2012. Einungis fyrri dómurinn fjalli um 32. gr. erfðalaga. Aðstæður hér séu þær sömu og í því máli enda hafi enga sérstaka yfirlýsingu frá A og I verið að finna í þá veru að fyrirframgreiddur arfur hafi átt að vera jafn auk þess sem varnaraðilar hafi ekki skuldbundið sig til þess að endurgreiða það sem þau fengu umfram. Málatilbúnaður sóknaraðila gangi í berhögg við skýrt fordæmi Hæstaréttar.

Umrætt ákvæði sé afdráttarlaust og ófrávikjanlegt. Það beri enn fremur að skýra eftir orðanna hljóðan eins og Hæstiréttur hafi staðfest. Loks skipti ekki máli hvort varnaraðilar hafi verið grandsamir um mismunun eins og sóknaraðili byggi á eða að varnaraðilinn B hafi haft umboð til þess að annast fjármál foreldra sinna.

Varnaraðilar mótmæla einnig þeirri málsástæðu sóknaraðila að það styðji meinta grandsemi þeirra að þau hafi lýst því yfir í erfðafjárskýrslu að þau hafi vitað um alla erfingja. Fyrirmæli erfðafjárskýrslu um undirritun allra erfingja eigi einungis við þegar skiptum á dánarbúi í einkaskiptum sé lokið. Hið sama eigi hins vegar ekki við í tengslum við fyrirframgreiddan arf enda þurfi einungis arfláti og arfþegi að undirrita erfðafjárskýrslu í þeim tilvikum, sbr. 6. gr. laga nr. 14/2004 um erfðafjárskatt. Enginn vafi ætti að leika á að allir erfingjar arfláta þurfi ekki að undirrita erfðafjárskýrslu vegna úthlutunar á arfi fyrirfram, en varnaraðilar leggi til viðbótar framangreindu fram staðfestingu sýslumanns þar um.

Útgangspunktur málsins sé að A og I heitnum hafi verið heimilt að ráðstafa eignum sínum eins og þau vildu. Þau hafi kosið að ráðstafa þeim þannig að varnaraðilar fengu fyrirframgreiddan arf án þess að krefjast skuldbindingar þeirra um endurgreiðslu reyndist arfurinn umfram þeirra arfshluta. Þetta hafi þeim verið heimilt að gera samkvæmt 32. gr. laganna. Ekki sé hægt að fallast á túlkun sóknaraðila um að tilgangur nefnds lagaákvæðis sé að hjálpa erfingjum að koma undir sig fótunum. Tilgangurinn geti enda verið margvíslegur.

Ákvæði 32. gr. erfðalaga sé eini hugsanlegi lagagrundvöllur endurgreiðslukröfu sóknaraðila. Þrátt fyrir það byggir sóknaraðili kröfurnar ekki á lagaákvæðinu heldur láti nægja að vísa til almennra reglna. Ástæðan sé augljóslega sú að skilyrðum ákvæðisins sé ekki mætt. Nauðsynlegt sé að leiðrétta þá rangfærslu sóknaraðila að eina undantekningin frá meginreglu um jafna skiptingu arfs sé í 35. gr. erfðalaga. Það sé ekki rétt, enda geri 32. gr. ráð fyrir öðru.

Kjarni málsins varðandi ætlaðan vilja A og I birtist í þeirri staðreynd að þau hafi í sameiningu úthlutað arfi til varnaraðila 2. nóvember 2016 en ekki H. Sá gerningur staðreyndi að hugur þeirra hjóna hafi staðið til þess að úthluta varnaraðilum meira fé en fimmta systkininu og það hafi þeim verið heimilt samkvæmt 32. gr. erfðalaga. Ljóst sé af yfirliti yfir fjárgreiðslur hjónanna að H hafi verið haldið utan við arfgreiðslurnar bæði á meðan I var á lífi og einnig að honum látnum. Sú staðreynd styðji ekki málatilbúnað sóknaraðila um ætlaðan vilja þeirra um jafnræði við úthlutun arfs heldur þvert á móti að þau hafi viljað ráðstafa stærstum hluta eignanna til varnaraðila. Hefði vilji hjónanna staðið til þess að tryggja H jafn mikinn arf og varnaraðilum hefðu þau gert sömu ráðstafanir og gerðar hafi verið árið 2015 þegar hverju barnanna var úthlutað eitt hundrað milljón krónum en fjármuninum ráðstafað þannig gagnvart H að A og I festu kaup á íbúð fyrir hann og varðveittu mismuninn. Engar slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar við síðari arfgreiðslur árin 2016, 2017 og 2019. Hjónin hafi sannanlega haft það lagalega úrræði að afla yfirlýsingar varnaraðila um að þau myndu jafna hlut bróður síns leiddi fyrirframgreiddi arfurinn til skekkju við uppgjör dánarbús þeirra. Eftir því hafi hins vegar ekki verið leitað.

Varnaraðili bendir auk þess á að erfðaskrá A og I hafi enga þýðingu fyrir úrlausn málsins. Hún kveði á um heimild langlífara til að sitja í óskiptu búi og ekkert annað. Úrlausnarefni málsins snúi ekki að því hvað A hafi mátt gera enda sé málið ekki riftunarmál eftir 15. gr. erfðalaga. Óháð því hvort henni hafi verið heimilur umræddar ráðstafanir feli ákvæði erfðaskrár hjónanna ekki neitt annað í sér en tilvísun til erfðalaga um arfshlutfall hvers erfingja þannig að eignum sem til staðar væru við lát hins langlífara skyldi skipt í samræmi við arfshluta hvers erfingja. Það sem mestu skipti þó hvað erfðaskrána varði sé að hún feli ekki í sér yfirlýsingu þess sérstaka vilja hjónanna að fyrirframgreiddur arfur skyldi vera jafn, sbr. umfjöllun í áður nefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 46/2017.

Ákvarðanatataka foreldra varnaraðila hafi verið augljós. Þau hafi verið meðvituð um fíknivanda H og að neyslufélagar hans hafi notað hann til að fjármagna neyslu sína. Varnaraðilar nefni sem dæmi eftirfarandi færslu í sjúkraskrá H 17. apríl 2018: „Systir hringdi, er að drekka og nota THC. Kominn með kærustu sem er að láta hann taka út peninga. Vísa henni að tala við lögreglu og/eða sýslumann varðandi sjálfræðis/fjárræðissviptingu.“ H hafi verið verulega illa haldinn líkamlega og andlega sökum áratugalangrar misnotkunar á áfengi og öðrum vímuefnum. Honum hafi verið lýst sem „vitsmunalega skertum“ í sjúkraskrárfærslu 2. desember 2016 og með „alvarleg glöpp“ í færslu 30. nóvember 2016. Allt staðfesti framangreint að vilji foreldra varnaraðila hafi staðið til þess að dreifa fjármunum sínum með þeim hætti sem þau gerðu.

Af hálfu varnaraðila er því hafnað að A og I hafi ekki verið heil heilsu andlega. Sjúkraskrá A staðfesti að hún hafi verið heil heilsu andlega allt undir hið allra síðasta. Hvað I snerti sé ljóst að veikindi hans hafi falist í nýrnaskemmdum og blæðandi magasári. Andleg heilsa hans hafi verið góð. Mótmælt sé að þrjár stuttar lýsingar í sjúkraskrá sem telji 155 blaðsíður feli í sér sönnun þess að vitræn skerðing hafi verið til staðar. Lesa verði færslurnar í samhengi við að þann 10. nóvember 2016 hafi komið upp nýrnabilun með tilheyrandi verkjum og vanlíðan. Til marks um gott andlegt heilsufar I í nóvember 2016 sé bent á að í sjúkraskrárfærslu 4. nóvember, þ.e. tveimur dögum eftir fyrirframgreiðslu arfs, sé ekki minnst einu orði á ætlaða vitræna skerðingu. Einkenni I hafi enda verið líkamleg. Auk þess megi benda á nokkrar sjúkraskrárfærslur sem beri vott um gott andlegt ástand hans. Þannig hafi þann 25. nóvember 2016 komið fram að I hafi látið ágætlega af sér á stofugangi, svarað vel spurningum og fylgt eftir plani. Þann 29. nóvember sama ár hafi hann talað um lífsleiða og þreytu. Þá hafi því verið lýst 21. janúar 2017 að hann hafi verið áttaður á stað og stund og eigin persónu og þekkti aðstandendur í kring.

Óháð framangreindu liggja fyrir að allar greiðslur til varnaraðila hafi verið framkvæmdar að undirlagi og fyrirmælum A og I. Varnaraðilar hafi ekkert frumkvæði átt að þeim ráðstöfunum og þótt sjúkraskrárfærslur frá og með 10. nóvember 2016 gefi til kynna að andlegu heilsufari I hafi tekið að hraka tímabundið jafngildi þær því ekki að hann hafi ekki verið meðvitaður um inntak og þýðingu fyrirframgreiðslu þeirra hjóna í byrjun sama mánaðar. Nægi að líta til sjúkraskrárfærslu 4. nóvember í því sambandi en sönnunarbyrðin um hið gagnstæða hvíli á sóknaraðila.

Hvað varðar umboðsveitingu til varnaraðilans B og C benda varnaraðilar á að hinar umþrættu ráðstafanir feli ekki í sér umboðsgerning. Í öllu falli sé staða annarra varnaraðila önnur en B og C og verði ekki jafnað hvað grandsemi snerti til stöðu hinna fyrrnefndu.

Varnaraðilar krefjast til vara lækkunar á dómkröfum sóknaraðila. Þá gera varnaraðilar þá kröfu að framreikningur fjárhæða miði við vísitölu neysluverðs án húsnæðis en ekki með húsnæði eins og útreikningar sóknaraðila miði við. Einnig benda varnaraðilar á að sá annmarki sé á kröfugerð sóknaraðila að ekki sé tekið tillit til þess að varnaraðilar hafi þegar greitt 10% erfðafjárskatt í ríkissjóð af hinum fyrirframgreidda arfi. Fari svo að þeir verði dæmdir til að greiða inn í dánarbúið tilgreinda fjárhæð verði að fara með fjárhæðir eins og þær séu nettó, þ.e. að greiddum 10% erfðafjárskatti. Varnaraðilum verði enda ekki gert að greiða fjármuni sem þau hafi ekki sannanlega fengið í hendur. Einnig verði að horfa til þess að skatturinn verði ekki greiddur að nýju af fjármuninum sem um ræði.

Hvað varðar lækkunarkröfur sínar vísa varnaraðilar annars í fyrsta lagi til þess að A heitinni hafi verið heimilt að raðstafa sínum búshluta að vild en ekki I. Önnur lækkunarkrafan miði við að hjónunum hafi verið heimilt að mismuna H um sem nemi þriðjung af hinum fyrirframgreidda arfi. Þriðja lækkunarkrafan taki mið af því að A hafi verið heimilt að mismuna um sinn hluta en ekki I frá og með 2. nóvember 2016. Fjórða krafan miði við að A hafi verið heimilt að mismuna sem nemi þriðjungi af hennar hluta í hinu óskipta búi. Vísa varnaraðilar til frekari útreikninga kröfum sínum til stuðnings sem óþarft er að rekja nánar hér. Þá mótmæla varnaraðilar dráttarvaxtakröfu sóknaraðila á grundvelli þess að ósanngjarnt sé að þeim verði gert að greiða dráttarvexti þann tíma sem málið hafi tafist vegna tveggja frávísana á fyrri stigum.

Varnaraðilar benda að lokum á að ekki verði hjá því komist að upplýsa að síðustu fimm ár ævi H heitins hafi varnaraðilinn B annast bróður sinn og veitt honum nauðsynlega umönnun. Að öðrum ólöstuðum hafi hún verið stoð hans og stytta, fylgt honum m.a. í allar lækniheimsóknir og sjúkrahúslegur (m.a. vegna lifrabólgu C og krabbameins), annast innkaup, aðstoðað með bankaviðskipti, gætt þess að hann tæki lyfin sín o.s.frv. Aftur á móti hafi afskipti barna H af föður sínum verið lítil fyrir á árum og engin síðustu árin. Endurspeglit það vafalaust best í því að F kenni sig ekki lengur við H föður sinn.

Um lagarök vísa varnaraðilar til ákvæða erfðalaga nr. 8/1962, laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Vísa varnaraðilar til þess að þau séu ekki virðisaukaskattsskyld og því sé nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

III.

Forsendur og niðurstaða

Ágreiningur máls þessa, sem rekið er fyrir dómnum á grundvelli XVII. kafla laga nr. 20/1991, lýtur að því hvort varnaraðilum beri að endurgreiða sóknaraðila nánar tilgreindar fjárhæðir vegna fyrirframgreidds arfs sem þau fengu á árunum 2016-2019. Sem fyrr segir lést A, móðir varnaraðila, þann [...] 2020 og var bú hennar tekið til opinberra skipta 12. apríl 2021. A hafði setið í óskiptu búi eftir eiginmann sinn og föður varnaraðila, I, sem lést þann [...] 2017. Hjónin skildu eftir sig fjögur börn, þ. á m.

varnaraðila máls þessa, en fimmta barnið, H, lést árið 2019. Börn hans svara til arfs eftir hann og lýtur mál þetta að kröfu þeirra undir opinberum skiptum á dánarbúi A þess efnis að varnaraðilum verði gert að endurgreiða sóknaraðila það sem þau fengu fyrirfram umfram sinn arfshluta.

Sem fyrir segir undirrituðu A og I erfðaskrá 16. nóvember 2010 þar sem fram kom að 3. grein að það þeirra sem lengur lifði skyldi sitja í óskiptu búi eftir andlát hins. Þá sagði í 5. grein erfðaskrárinnar að það hjónanna sem lengur lifði mætti ekki ráðstafa með erfðaskrá eða dánargerningi eignum sem það fengi með erfðaskránni þannig að í bága færi við réttindi niðja þeirra.

Óumdeilt er í málinu að A og I afhentu öllum börnum sínum, varnaraðilum og fyrrgreindum H, fyrirframgreiddan arf á árunum 2010 og 2015. Þá er óumdeilt að varnaraðilar einir hafi, á árunum 2016, 2017 og 2019, fengið fyrirfram rúmar 250 milljónir króna hvert um sig í þremur greiðslum án þess að H hafi þá fengið nokkuð í sinn hlut, sbr. fyrrgreinda töflu í málavaxtakafli að framan. Við fyrstu úthlutunina árið 2016 rituðu bæði A og I undir erfðafjárskýrslu, sem dagsett var 31. október 2016, vegna greiðslu fyrirframgreidds arfs að fjárhæð 400 milljónir króna. Samkvæmt erfðafjárskýrslunni fengu varnaraðilarnir allir 100 milljónir hver en eyða var í þeim reit skýrslunnar þar sem nafn H hefði átt að vera miðað við aldursröð systkina. Aftur var greiddur arfur árið 2017 en þá var I látinn og ritaði A, sem þá sat í óskiptu búi, ein undir erfðafjárskýrslu sem undirrituð var af því tilefni 1. nóvember 2017. Samkvæmt skýrslunni fengu varnaraðilarnir allir 100 milljónir hver en H ekkert. Sami háttur var hafður á samkvæmt erfðafjárskýrslu sem A undirritaði 1. júlí 2019 er varnaraðilarnir C, D og E fengu 54.200.000 krónur og börn varnaraðilans B sameiginlega sömu fjárhæð í fyrirframgreiddan arf.

Af hálfu varnaraðila er því ekki mótmælt að fyrirframgreiðslu arfs hafi verið hagað með framangreindum hætti og að ekkert hafi komið í hlut H umrædd ár. Þá er því ekki mótmælt að dánarbúi foreldra varnaraðila hafi verið því sem næst eignalaust þegar það var tekið til opinberra skipta 12. apríl 2021. Loks er því ekki mótmælt að varnaraðilarnir B og C hafi fengið umboð beggja foreldra sinna 23. september 2015 til þess að annast fjármál þeirra að öllu leyti. Ágreiningur málsaðila lýtur hins vegar að því hvort varnaraðilum beri að endurgreiða dánarbúinu þær fjárhæðir sem þau fengu fyrirfram.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðilar hafi, með fyrrgreindum greiðslum á árunum 2016-2019, fengið fyrirfram umfram sinn arfshluta og beri að rétta hlut H, eða barna hans, með því að varnaraðilar endurgreiði búinu það sem þau hafi fengið umfram sinn hlut. Vísar sóknaraðili í þeim efnis til þess að vilji A og I hafi aldrei staðið til þess að mismuna H við útgreiðslu arfs enda hafi þau skýrlega miðað við það við fyrri úthlutanir á árunum 2010 og 2015 að öll börn þeirra fengju það sama. Ekkert hafi breyst í þeim efnis við seinni greiðslur annað en að varnaraðilarnir B og C hafi fengið umboð til þess að annast fjármál foreldra sinna 23. september 2015. Eftir það hafi jafnræði ekki verið með aðilum við útgreiðslu arfs. Bendir sóknaraðili og á að í erfðaskrá foreldra varnaraðila frá árinu 2010 hafi meðal annars komið fram í 5. grein að það sem lengur lifði mætti ekki ráðstafa með erfðaskrá eða dánargerningi eignum sem það fengi með erfðaskránni þannig að færi í bága við réttindi „framangreindra niðja þeirra“. Vilji hjónanna hafi aldrei staðið til að mismuna börnum sínum og þar sem varnaraðilar hafi allir verið grandsamir um að mismunun átti sér stað geti 32. gr. erfðalaga nr. 8/1962 ekki staðið því í vegi að þeim verði gert að endurgreiða dánarbúinu það sem þau fengu umfram sinn arfshluta.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt að framangreindar greiðslur hafi allar verið í samræmi við vilja foreldra þeirra. Þau hafi bæði ritað undir erfðafjárskýrslu 2. nóvember 2016, þar sem H hafi ekki verið úthlutað arfi, og sýni það viljaafstöðu þeirra. Hinu sama gegni um síðari greiðslur sem A stóð að eftir andlát I. Ákvæði 32. gr. erfðalaga sé fortakslaust og verði ekki túlkað öðruvísi en samkvæmt orðanna hljóðan og þar sem varnaraðilar hafi ekki skuldbundið sig til þess að endurgreiða búinu það sem þau kunni að hafa fengið umfram sinn arfshluta verði að hafna kröfu sóknaraðila þar að lútandi. A og I hafi verið heimilt að ráðstafa eignum sínum eins og þau vildu og ljóst sé að þau hafi ekki viljað að í hlut H kæmu meiri fjármunir vegna fíkniðsjúkdóms hans. Þá hafi hjónin ekki sóst eftir því að varnaraðilar gæfu út

yfirlýsingu um að þau myndu jafna hlut bróður síns leiddi fyrirframgreiddi arfurinn til skekkju við uppgjör dánarbús þeirra.

Með ákvæðum erfðalaga nr. 8/1962 er að meginstefnu til gengið út frá þeirri meginreglu að jafnræðis sé gætt milli erfingja í sama flokki eða sömu erfð. Segir þannig meðal annars í 1. mgr. 2. gr. laganna að maki erfi 1/3 hluta eigna hins látna þegar börn séu á lífi en að börnin erfi 2/3 hluta að jöfnu. Þá er almennt við það miðað að hlutur barna verði ekki skertur með erfðaskrá nema að takmörkuðu leyti, sbr. þau fyrirmæli 35. gr. laganna sem mæla fyrir um að óheimilt sé að ráðstafa meira en 1/3 hluta eigna með erfðaskrá þegar til staðar eru niðjar sem taka arf.

Ljóst er að varnaraðilar hafi fengið í sinn hlut sem fyrirframgreiddan arf mun meiri verðmæti en bróðir þeirra, H. Liggur þannig fyrir að H einum var mismunað þegar greiddar voru hundruð milljóna króna fyrirfram í arf á árunum 2016-2019. Í málinu þarf hins vegar að taka afstöðu til þess hvort varnaraðilum beri skylda til að endurgreiða þær fjárhæðir sem krafist er eða hvort 32. gr. erfðalaga standi slíkri endurgreiðslu í vegi.

Í 32. gr. laganna er svo fyrir mælt: „Nú hlýtur erfingi fyrirfram meira fé frá arfleifanda en nemur erfðahluta hans eftir hann, og verður hann þá ekki skyldaður til að standa búinu skil á mismuninum, nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess“. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 8/1962, sem lagt var fram á 82. löggjafarþingi var um skýringar á ákvæðum frumvarpsins vísað til athugasemda við frumvarp sama efnis sem lagt hafði verið fram árið áður en hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Í athugasemdum við það frumvarp, sem lagt var fram á 81. löggjafarþingi 1960-1961, sagði um fyrrgreint ákvæði að greinin fjallaði um sama efni og 1. málsgrein 14. gr. gildandi erfðalaga. Síðan sagði: „Hér er sleppt lokaatriðinu í nefndri málsgr., þar sem það er óskýrt í ýmsum efnum og torvelt í framkvæmd.“

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. hinna eldri erfðalaga nr. 42/1949 hljóðaði svo: „Ef barn hefur fengið fyrirfram meira fé en nemur arfshluta þeim, er því ber, fær það engan arf, en ekki verður það sem skuldunautur skyldað til þess að endurgreiða fé, sem það hefur fyrirfram tekið á móti upp í arfsvon sína, fari sú upphæð ekki fram úr arfshlutanum, að viðbættum þeim hluta eignar, er foreldrunum var heimilt að ráðstafa skv. 20. gr.“

Samkvæmt framangreindu er ljóst að af ákvæði hinna eldri erfðalaga leiddi að erfingi, sem hafði fengið fyrirframgreiddan arf, varð ekki leystur undan skyldu til að endurgreiða búinu í þeim tilvikum sem viðkomandi hafði fengið umfram erfðahlut sinn og það sem arfláti mátti ráðstafa með erfðaskrá. Verður ekki annað ráðið en að ákvæðið hafi í þeirri mynd tekið mið af fyrrgreindri meginreglu erfðalaga og að sömu sjónarmið hafi þannig gilt um fyrirframgreiddan arf, eins og arf sem greiddur var að arfláta gengnum, að erfingjar í sömu erfð skyldu sitja við sama borð. Með lögfestingu laga nr. 8/1962 var samsvarandi ákvæði hins vegar breytt og umræddur fyrirvari takmörkunar á endurgreiðsluskyldu gagnert afnuminn. Voru ástæður þess ekki raktar sérstaklega í frumvarpi til laganna að öðru leyti en því að vísað var til þess að ákvæðið hefði verið óskýrt og verið torvelt í framkvæmd.

Í ljósi þessa verður að mati dómsins ekki hjá því komist að túlka núgildandi ákvæði 32. gr. erfðalaga samkvæmt orðanna hljóðan og leggja til grundvallar að þrátt fyrir að varnaraðilar hafi fengið fyrirfram verulega umfram sinn arfshluta girði umrætt ákvæði fyrir að þeim verði gert að endurgreiða búinu þann hluta.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að umrætt ákvæði sé frávíkjanlegt að því leyti að endurgreiðslu verði komið við þegar fyrir liggja að vilji arfláta hafi staðið til þess að jafnræði væri haft með erfingjum. Vísar sóknaraðili í því sambandi til dóms Hæstaréttar 20. apríl 2012 í máli nr. 133/2012 og dóms réttarins 8. mars 2017 í máli nr. 46/2017. Í fyrrnefnda málinu var fallist á endurgreiðslu ofgreidds

arfs sem greiddur hafði verið fyrirfram í formi yfirfærslu eignarréttinda yfir jörð og til þess vísað sérstaklega að arfláti hefði gefið skýrt til kynna í málinu að hann vildi að jafnræðis væri gætt með erfingjum. Þá var litið svo á að fyrirframgreiðslan hefði helgast af þeim vilja arfláta að viðkomandi erfingi eignaðist jörðina til þess að geta haldið þar áfram búskap. Í síðara málinu var gagnstæð niðurstaða hins vegar reist á því að ósannað væri að arfláti hefði lýst þeim vilja sínum að fyrirframgreiddur arfur til skylduerfingja skyldi jafn. Þar sem viðkomandi erfingjar höfðu ekki skuldbundið sig til þess að standa dánarbúinu skil á því sem þau höfðu fengið umfram arfshluta sinn var kröfu um endurgreiðslu þess sem ofgreitt hafði verið hafnað.

Jafnvel þótt fallist yrði á það með sóknaraðila að víkja mætti frá fyrrgreindri reglu liggur ekki annað fyrir en að hinum fyrirframgreidda arfi sem um er deilt í máli þessu hafi verið ráðstafað með vitneskju arfláta og án þess að þau gæfu sérstaklega til kynna að greiðslur skyldu jafnaðar. Þannig undirrituðu bæði A og I erfðafjárskýrslu vegna fyrirframgreiðslunnar árið 2016 og ekki verður annað ráðið en að greiðslurnar, sem fram fóru á árunum 2017 og 2019, hafi verið með vilja og vitund A, sem undirritaði báðar erfðafjárskýrslurnar. Þá er til þess að líta að mati dómsins að óumdeilt er að fyrirframgreiðslurnar sem fram fóru á árunum 2010 og 2015 fóru þannig fram í tilviki H að keypt var íbúð og fjármunir hans varðveittir á reikningi I og síðar systkina H. Hefur sóknaraðili ekki mótmælt því að H hafi glímt við alvarlegan fíknivanda í kjölfar slyss sem hann lenti í og að það hafi haft áhrif á greiðslur honum til handa. Þykir það að mati dómsins renna stoðum undir þá málsástæðu varnaraðila að mismunun við fyrirframgreiðslu arfs kunni að hafa stafað af vilja A og I. Eru atvik máls þessa að þessu leyti ólík atvikum í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 20. apríl 2012 í máli nr. 133/2012.

Að því er varðar andlegt ástand I á árunum fyrir andlát hans er á það bent af hálfu dómsins að fyrir liggja sjúkraskýrslur hans frá árunum 2015-2017. Af þeim verður ekki annað ráðið en að veikindi I hafi að mestu verið líkamleg allt þar til honum versnaði verulega síðustu dagana fyrir andlát og hann var ekki eins meðvitaður um stað og stund. Að mati dómsins telst hið hratt versnandi ástand I dagana fyrir andlát hans ekki fullnægjandi sönnun þess að fyrirframgreiðslan sem framkvæmd var 2. nóvember 2016 hafi verið andstæð vilja hans. Þá er ljóst að í málinu liggur ekkert fyrir um að greiðslurnar sem A kom að, m.a. með undirritun sinni á erfðafjárskýrslur, hafi verið í ósamræmi við hennar óskir eða að andlegri heilsu hennar hafi verið svo áfátt að hún hafi ekki gert sér grein fyrir eðli ráðstafananna. Getur umboð til handa varnaraðilunum B og C ekki breytt framangreindri niðurstöðu, enda verður ekki séð að hinar umdeildu ráðstafanir hafi verið gerðar í krafti umboðsins eingöngu og án vitneskju A.

Með vísan til alls framangreinds, sbr. og dóms Hæstaréttar 8. mars 2017 í máli nr. 46/2017, eru ekki efni til að skýra 32. gr. erfðalaga á annan veg en samkvæmt orðanna hljóðan. Er samkvæmt því hafnað kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu varnaraðila á þeim fjárverðmætum sem þau fengu umfram arfshluta sinn eftir foreldra sína.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Hafnað er kröfum sóknaraðila, dánarbús A, um að varnaraðilar, B, C, D og E, greiði sóknaraðila fé sem svari til þess sem þau fengu sem fyrirframgreiddan arf umfram arfshluta sinn úr búi foreldra sinna.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.